



## **Reglur Vinnudeilusjóðs Sameykis - samkv. 20. gr. laga Sameykis**

### **1. gr. Nafn sjóðsins**

Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður Sameykis. Sjóðurinn er í eigu Sameykis stéttarfélags í almannajónustu. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

### **2. gr. Tilgangur sjóðsins**

Tilgangur sjóðsins er:

- að tryggja félögum Sameykis laun samkvæmt úthlutunarreglum þegar þeir eiga í kjaradeilum,
- að greiða kostnað við kjaradeilur, þó ekki venjulegan samningskostnað,
- að styrkja gerð kjararannsókna,
- að styrkja önnur stéttarfélög sem eiga í kjaradeilum að fengnu samþykki stjórnar Sameykis.

### **3. gr. Tekjur sjóðsins.**

Tekjur sjóðsins eru:

- Iðgjald til sjóðsins. Iðgjald ákvarðast og greiðist á sama hátt og félagsgjöld Sameykis.
- Fjáröflun á vegum sjóðsins.
- Framlög frá öðrum stéttarfélögum.
- Önnur framlög.

### **4. gr. Greiðslur úr sjóðnum.**

Félagsmaður Sameykis, sem greiðir iðgjald til sjóðsins, á rétt til greiðslu úr sjóðnum. Greiðslur skulu vera fyrir tekjumissi í kjaradeilu sem Sameyki eða félagar í Sameyki eru aðilar að. Meginreglur um úthlutun úr sjóðnum skulu kynntar félagsmönnum Sameykis eigi síðar en við upphaf vinnustöðvunar.

### **5. gr. Lántökur sjóðsins.**

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán til að auka ráðstöfunarfé sjóðsins, enda liggja fyrir samþykki stjórnar Sameykis.

### **6. gr. Stjórn sjóðsins og ávöxtun.**

Stjórn sjóðsins skipa fimm fulltrúar kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn ásamt einum fulltrúa tilnefndum úr stjórn Sameykis. Formaður skal kjörinn af sjóðsstjórn. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans, setur úthlutunarreglur og skráir fundargerðir yfir úthlutanir og annað sem varðar starf hennar. Fé sjóðsins skal ávallt ávaxta á sem tryggastan hátt. Sjóðsstjórn skal tryggja að fjármagn sé laust til ráðstöfunar ef á þarf að halda.

Stjórnarmönnum er ekki heimilt að sitja samfellt í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil (9 ár).

#### **7. gr. Rekstur sjóðsins.**

Skrifstofa Sameykis sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar hans.

#### **8. gr. Ársreikningur og endurskoðun.**

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum Sameykis og hann endurskoðaður með sama hætti og félagssjóður. Ársreikninginn skal leggja fram og afgreiða á aðalfundi með öðrum reikningum félagsins. Skýrsla yfir starfsemi sjóðsins skal fylgja skýrslu stjórnar Sameykis.

#### **9.gr. Sjóðurinn lagður niður:**

Hætti sjóðurinn störfum og verður lagður niður ráðstafar aðalfundur Sameykis eignum hans.

#### **10 gr. Breytingar á reglum sjóðsins.**

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi Sameykis og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

Samþykktar á aðalfundi Sameykis xxxx.

